



## **Skoðana- og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna**

Umsjón:

Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður  
Arnór Þórir Sigfússon, fuglafræðingur  
Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri  
Einar Guðmann, verkefnisstjóri



## **Skoðana- og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna**

### **Framkvæmd af Veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar**

#### **Umsjón:**

Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður  
Arnór Þórir Sigfússon, fuglafræðingur  
Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri  
Einar Guðmann, verkefnisstjóri

**Forsíðumynd og útlitshönnun:** Einar Guðmann

Skýrslur og kannanir: UST 03/15  
Prentun 1.

# Efnisyfirlit

<b>FRAMKVÆMD KÖNNUNAR</b> .....	<b>6</b>
Um könnunina .....	6
Stærð úrtaks og svörun .....	6
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
Markmið .....	7
Úrtakshópurinn .....	7
Lýsing á framkvæmd .....	7
Framsetning niðurstaðna .....	7
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>8</b>
Hversu lengi hefur þú stundað skotveiðar? .....	8
Stundar þú veiðar árlega? .....	8
Hefurðu einhvern tímann haldið til veiða án þess að vera búinn að endurnýja veiðikortið? .....	9
Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili? .....	9
Hefur þú einhvern tíman stundað háfaveiðar á lunda? .....	11
Kanntu eða kanntu ekki að nota GPS tæki? .....	12
Hvaða fjarskiptatæki ferðu með til veiða? .....	12
Hefur þú einhvern tíman veitt merktan fugl? .....	12
Hversu marga merkta fugla hefur þú veitt? .....	13
Hvað af eftirtöldu á best við um viðbrögð þín þegar þú veiddir merktan fugl? .....	13
Hversu mörgum merkjum hefur þú skilað? .....	14
Myndir þú eða myndir þú ekki tilkynna það ef þú veiddir merktan fugl? .....	14
Heldur þú veiðidagbók? .....	14
Notar þú eigið dagbókarform eða dagbók Veiðistjóra? .....	15
Hvenær fyllir þú inn í veiðidagbókina? .....	15
Nú kemur stutt dæmi um rjúpnaveiðiferð. Þú ferð í veiðiferð með einum veiðifélaga, þið veiðið samtals 10 fugla og þar af skaut þú tvo en þið skiptuð veiðinni jafnt. Hafið þið samráð um skráningu á aflanum og þá hvernig skráðir þú aflann? .....	16
Nú kemur stutt dæmi um gæsaveiðiferð. Þú ferð í veiðiferð með einum veiðifélaga, þið veiðið samtals 10 fugla og þar af skaut þú tvo en þið skiptuð veiðinni jafnt. Hafið þið samráð um skráningu á aflanum og þá hvernig skráðir þú aflann? .....	16
Hversu nákvæmar telurðu veiðitölurnar þínar hafa verið í seinustu veiðiskýrslu? .....	17
Gefur þú upp réttar veiðitölur á hrafna? .....	17
Eru þær tölur yfirleitt hærrí eða lægri en þær sem þú veiddir? .....	17
Gefur þú upp réttar veiðitölur á grágæs, alltaf, oftast, stundum eða aldrei? .....	18
Eru þær tölur yfirleitt hærrí eða lægri en það sem þú veiddir? .....	18
Gefur þú upp réttar veiðitölur á rjúpu, alltaf, oftast, stundum eða aldrei? .....	18
Eru þær tölur yfirleitt hærrí eða lægri en það sem þú veiddir? .....	19
Í ljósi þess að nafnleynd hvílir yfir veiðiskýrslum, myndir þú gefa það upp á veiðiskýrslunni ef þú myndir af einhverjum ástæðum skjóta friðaðan fugl eða spendýr, eða myndir þú ekki gera það? .....	19
Hversu nákvæmar eða ónákvæmar telurðu heildarveiðitölur Veiðistjóra-embættisins vera? .....	20
Ef rannsóknir sýna að takmarka þarf rjúpnaveiði til verndar stofninum hvaða takmörkunum myndir þú vilja beita? Þú mátt velja fleiri en einn kost og þeir eru: .....	20
Hvernig viltu stytta veiðitímabilið? .....	21
Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veiddar endur til tegunda? .....	21
Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda máva til tegunda? .....	21
Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda svartfugla til tegunda? .....	22
Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda skarfa til tegunda? .....	22
Samantekt á greiningu tegunda. ....	22
þarf að takmarka veiðar á grágæs? .....	23
Ef rannsóknir sýna að takmarka þarf gæsaveiði til verndar stofninum - hvaða takmörkunum myndir þú vilja beita? Þú mátt velja fleiri en einn kost og þeir eru: .....	23
Hverja af eftirfarandi aðferðum myndir þú helst vilja nota til þess að stytta veiðitímabilið? .....	24
<b>RJÚPNAVEIÐAR</b> .....	<b>25</b>
Hefur þú einhvern tímann farið á rjúpnaveiðar? .....	25
Ferðu á hverju ári eða sjaldnar á rjúpnaveiðar? .....	25
Hversu marga veiðidaga fórstu til rjúpna á síðasta veiðitímabili? .....	25
Í hvaða landshluta eða landshlutum fórstu til rjúpna á seinasta veiðitímabili? .....	26
Fórstu til rjúpna á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga? .....	26
<b>GÆSAVEIÐAR</b> .....	<b>31</b>
Fórstu til gæsaveiða á síðasta tímabili og þá hversu marga daga? .....	31
Fórst þú til grágæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga? .....	31
Fórst þú til grágæsa- eða heiðagæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga? .....	32
Fórst þú til heiðagæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga? .....	32
Veiðir þú gæsir fyrir sjálfan þig, gefur þú þær, eða selur? .....	33
Hversu margar gæsir seldir þú á síðasta veiðitímabili? .....	33
Hversu margar gæsir gafst þú á síðasta veiðitímabili? .....	33
Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á grágæsaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei? .....	34
Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á heiðagæsa-veiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei? .....	34
Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á blesgæsaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei? .....	35
Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á helsingjaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei? .....	35

Hversu margar gervigæsir, ef einhverjar, notar þú yfirleitt við veiðar? .....	36
Notar þú flautu á gæsaveiðum? .....	36
Notar þú hljóðupptöku? .....	36
Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veiddar gæsir til tegunda? .....	37
Notaðir þú veiðihund á gæsaveiðum á síðasta veiðitímabili? .....	37
Hvernig byssu, haglabyssu eða riffla, notaðir þú á gæsaveiðum á síðasta tímabili? .....	37
Tekur þú alltaf, stundum, sjaldan eða aldrei tappann úr byssunni á gæsaveiðum? .....	38
Hvert er lengsta færi sem þú skýtur á gæsir með haglabyssu í metrum? .....	38
Ferðu í sérstakar veiðiferðir í heiðagæs? .....	38
Hefur þú hugsað þér að hefja veiðar á heiðagæs? .....	39
Hvenær byrjaðir þú að veiða heiðagæs? .....	39
Hægt er að krumpa skotgeyma-magasín þannig að þeir taki bara 2 skot. Það kostar 2.000,- krónur og eyðileggur ekki byssuna. Ertu hlyntur eða andvígur því að skylda menn til að láta krumpa skotgeyma? .....	39
<b>ALÞJÓÐLEG KÖNNUN .....</b>	<b>40</b>
Hversu gamall/gömul varstu þegar þú byrjaðir að veiða fugla eða spendýr? .....	40
Ertu meðlimur í skotveiðifélagi eða skotiþróttafélagi? .....	40
Hvaða skotveiðifélagi eða skotiþróttafélagi? .....	40
Hver eða hvað vakti áhuga þinn á skotveiðum? .....	41
Hefur þú farið á veiðar síðastliðna 12 mánuði? .....	41
Er eða var faðir þinn skotveiðimaður? .....	42
Hversu þungur að meðaltali er íslenski refurinn í kílóum talið? .....	42
Hversu margar kindur og lömb telurðu að séu drepnar árlega af völdum refa? .....	42
<b>ALMENNAR SPURNINGAR .....</b>	<b>43</b>
Hvaða menntun hefur þú? .....	43
Í hvaða pósthúsi varstu búsettur á síðasta veiðitímabili? .....	43
Nú spyrjum við um heildartekjur allra á heimilinu, fyrir skatta, eru þær: .....	44
<b>VIÐAUKI 1 .....</b>	<b>45</b>
Hve áreiðanlegar eru veiðiskýrslur? .....	45
<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>50</b>

## Framkvæmd könnunar

Um könnunina	
Unnið af	Veiðistjóraembættinu (Veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar)
Markmið	Kanna viðhorf og veiðihegðun skotveiðimanna
Framkvæmdatími	Febrúar – maí, 2002
Aðferð	Símakönnun
Úrtak	Íslenskir skotveiðimenn sem hafa verið veiðikorthafar

Stærð úrtaks og svörun	
Upphaflegt úrtak	1000
Búsettir erlendis	22
Neita að svara	59
Náðist í	702
Næst ekki í	217
Svarendur	642
Svarhlutfall	92%
Karlar	98%
Konur	2%

## Inngangur

Könnun meðal skotveiðimanna var gerð veturinn 2001-2002 á vegum Veiðistjóraembættisins í samvinnu við Dr. Arnór Þórir Sigfússon, fuglafræðing.

## Markmið

Helsti tilgangur könnunarinnar var að fá vitneskju um viðhorf og hegðun veiðimanna. Þessar upplýsingar eru mikilvægar við túlkun á veiðitölum og við stjórnun veiða. Kannað var ýmislegt viðkomandi veiðum s.s. veiðiaðferðir, hvernig veiðimenn standa að skráningu á veiði, val á vopnum, hvernig veiðialag dreifist á veiðitíma og fleira. Vonast var til að með þessari könnun fengist mat á því hve áreiðanleg gögn veiðitölur gætu talist. Svör við könnuninni ættu að mynda þekkingargrunn um viðhorf og hegðun veiðimanna í dag sem í framtíðinni má nota til samanburðar og til að varpa ljósi á hvaða breytingar kunni að verða á viðhorfum til veiða og hegðun veiðimanna.

## Úrtakshópurinn

Þegar úrtakið var tekið höfðu 17.989 skotveiðimenn verið handhafar veiðikorta frá upphafi. Úrtakið sem notað var í könnuninni var tekið úr hópi þeirra af handahófi. Sumir sem lentu í úrtakinu höfðu ekki stundað veiðar um árabíl á meðan aðrir voru mjög ötulir veiðimenn sem stunduðu allar tegundir veiða. Aldursdreifing úrtaksins reyndist í góðu samræmi við aldersdreifingu veiðikorthafa (Viðauki 1., 1. mynd).

## Lýsing á framkvæmd

Úrtakið var þúsund veiðikorthafar og voru þeir spurðir fjölda spurninga sem ætlað var að varpa ljósi á viðhorf og veiðihegðun skotveiðimanna hér á landi. Af þeim sem valdir voru í úrtakið náðist í 702 og af þeim svöruðu 642, sem gerir 92% svarhlutfall. Alls voru karlar 626 og konur 16 sem tóku þátt í könnuninni.

Í sumum tilfellum voru spurningarnar þess eðlis að svarendur gátu verið að játa á sig brot á veiðilöggjöfni og var könnunin því nafnlaus. Til að tryggja það hringdi starfsmaður í svarendur og þeim var síðan gefið samband við spyril sem hafði engar upplýsingar um þann sem svaraði. Þannig var ekki mögulegt að tengja svör við einstaklinga. Af svörum má ætla að menn hafi verið nokkuð heiðarlegir í svörum.

## Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í súluriti. Fram kemur við hverja spurningu hverjir fengu spurninguna. Í mörgum tilfellum ræðst það hvort allir svarendur eða einungis hluti séu spurðir ákveðinna spurninga af því hvernig þeir hafa svarað undangengnum spurningum. Þeir sem svara því neitandi að hafa haldið til rjúpnar um ævina fá t.d. engar rjúpnaspurningar.

Við hvert súlurit er fjöldi svara við spurningu sýndur sem **n** og vikmörk á súluritum eru 95% vikmörk hlutfallsins.


## Niðurstöður

### 1 Hversu lengi hefur þú stundað skotveiðar?

Í súluritinu er veiðimönnum skipt upp í fimm ára hópa eftir reynslu þeirra af veiði í árum talið. Síðastliðin tíu ár virðist nýliðun veiðimanna vera minni en búast mætti við. Veiðikortakerfið hóf göngu sína fyrir átta árum og hugsanlegt er að auknar kröfur til veiðimanna með tilkomu þess hafi dregið úr fjölgun veiðimanna.

**Svarendur**  
Allir sem tóku þátt í könnuninni.

#### Reynsla veiðimanna í árum




### 2 Stundar þú veiðar árlega?

Þeir sem stunda veiðar árlega eru 43%, en um 56% stunda veiðar með hléum af þeim sem tóku þátt í skoðanakönnuninni.

**Svarendur**  
Allir sem tóku þátt í könnuninni.

#### Ástundun veiða





### 3


#### Hefurðu einhvern tímann haldið til veiða án þess að vera búinn að endurnýja veiðikortið?

Um 11% hafa haldið til veiða án þess að vera með veiðikort. Athygli skal þó vakin á að það hlutfall þarf ekki að vera viðvarandi þar sem spurningin getur vísað til lengra tímabils en eins árs.

##### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

#### Veiðar án veiðikorts



### 4a


#### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu endur árið 2001. Flestir eða 67% veiddu á bilinu eina til fimm endur. Einungis 2% veiddu meira en 60 endur.

##### Svarendur

Allir sem veiddu endur á síðasta veiðitímabili.

#### Endur



### 4b


#### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu gæsir árið 2001. Flestir eða 46% veiddu frá einni og upp í fimm gæsir. 3% veiddu fleiri en 60 gæsir.

##### Svarendur

Allir sem veiddu gæsir á síðasta veiðitímabili.

#### Gæsir



#### 4c


### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu rjúpur árið 2001. Flestir eða 26% veiddu frá einni og upp í fimm rjúpur. 9% veiddu 56 eða fleiri rjúpur.

#### Svarendur

Allir sem veiddu rjúpur á seinasta veiðitímabili.

### Rjúpur



#### 4d


### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu máva árið 2001. Um 55% veiðimanna skjóta 10 eða færri máva. Um 6% skutu meira en 60 máva.

#### Svarendur

Allir sem veiddu máva á seinasta veiðitímabili.

### Mávar



#### 4e


### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu svartfugla árið 2001. Athygli vekur að stór hluti veiðimanna eða um 31% skjóta fleiri en 60 fugla.

#### Svarendur

Allir sem veiddu svartfugl á seinasta veiðitímabili.

### Svartfugl



#### 4f


### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu skarfa árið 2001. Um 74% þeirra sem skutu skarfa á síðasta ári skutu innan við fimm skarfa. Flestir sem á annað borð skjóta skarf, skjóta fáa.

#### Svarendur

Allir sem veiddu skarfa á seinasta veiðitímabili.

### Skarfar



n=19

#### 4g


### Hvaða tegundir eða tegunda-hópa fugla og hversu marga hefur þú veitt á síðasta veiðitímabili?

Myndin sýnir dreifingu veiði þeirra sem skutu hrafna árið 2001. Um 76% þeirra sem skutu hrafna á síðasta ári skutu innan við fimm hrafna. Flestir sem á annað borð skjóta hrafn, skjóta fáa.

#### Svarendur

Allir sem veiddu hrafna á seinasta veiðitímabili.

### Hrafnar



n=33

#### 5


### Hefur þú einhvern tíman stundað háfaveiðar á lunda?

Hlutfall aðspurðra sem hafa stundað háfaveiðar á lunda er 3%.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Háfaveiðar á lunda



n=642

## 6


### Kanntu eða kanntu ekki að nota GPS tæki?

Álíka margir telja sig kunna eða ekki kunna á GPS staðsetningartæki. 49% telja sig kunna, en 51% ekki. Spurningin var óháð því hvort menn ættu GPS tæki eða ekki.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Kunnátta á GPS



## 7

### Hvaða fjarskiptatæki ferðu með til veiða?


Flestir fara með GSM síma til veiða, eða 50%. Um 27% fara hinsvegar ekki með nein fjarskiptatæki.

Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Notkun fjarskiptatækja



## 8


### Hefur þú einhvern tíman veitt merktan fugl?

Tæplega fjórðungur, eða 22% veiðimanna hafa einhvern tímann veitt merktan fugl.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Veitt merktan fugl



▶ 9


### Hversu marga merkta fugla hefur þú veitt?

Fjöldi merktra fugla sem þeir sem sögðu já við spurningu 8. höfðu veitt. Flestir, eða 56% hafa einungis veitt einn merktan fugl.

**Svarendur**

Allir sem sögðust hafa veitt merktan fugl.

### Fjöldi merktra fugla




▶ 10 Hvað af eftirtöldu á best við um viðbrögð þín þegar þú veiddir merktan fugl?

Meirihluti veiðimanna sem höfðu veitt merktan fugl, eða 73%, skilaði merkjum inn til Náttúrufræðistofnunar Íslands og því til viðbótar skiluðu 4% merkjunum beint til merkjanda og tæplega 4% skiluðu merkjunum annað. Hinsvegar skilaði afgangurinn, eða 18% merkjunum ýmist ekki eða vissu ekki hvert átti að skila þeim. Samkvæmt þessu virðast um 81% merkja skila sér rétta leið til Náttúrufræðistofnunar Íslands, en 19% merkja sem endurheimtast týnast líklega.

**Svarendur**

Allir sem sögðust hafa veitt merktan fugl.

### Skil á merkjum



## ▶ 11


### Hversu mörgum merkjum hefur þú skilað?

Af þeim sem veiddu merktan fugl, voru 17% sem skiluðu merkjunum ekki inn. Um 82% skiluðu hinsvegar merkjunum og 1% hafði gleymt hvað varð um merkin. Hér var athugað með annarri spurningu hversu mikið af merkjum skilaði sér og eru niðurstöðurnar í samræmi við spurningu 10.

#### Svarendur

Allir sem sögðust hafa veitt merktan fugl.

### Skil á fuglamerkjum



## ▶ 12


### Myndir þú eða myndir þú ekki tilkynna það ef þú veiddir merktan fugl?

Mikill meirihluti veiðimanna svaraði spurningunni játandi, alls um 99%. Af þeim 501 sem svöruðu voru einungis þrír eða 1% sem sögðust ekki myndu tilkynna það.

#### Svarendur

Allir sem sögðust ekki hafa veitt merktan fugl.

### Myndi tilkynna ef merktur fugl veiddist



## ▶ 13


### Heldur þú veiðidagbók?

Aðeins 40% veiðimanna halda veiðidagbók en 60% gera það ekki. Hér þarf átak til að auka notkun veiðimanna á veiðidagbókum.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Halda veiðidagbók



▶ 14


### Notar þú eigið dagbókarform eða dagbók Veiðistjóra?

Dagbók Veiðistjórnumunarsviðs er notuð af 61% veiðimanna sem á annað borð halda veiðidagbók. Mikilvægt er því að hvetja veiðimenn til að nota hana, enda skiptir dagbókin miklu fyrir áreiðanleika veiðitalna.

**Svarendur**

Allir sem sögðust halda veiðidagbók.

### Hvaða dagbókarform?



▶ 15


### Hvenær fyllir þú inn í veiðidagbókina?

Mikill meirihluti veiðimanna sem halda veiðidagbók fylla hana út samdægurs, eða 82%. Aðrir gera það nokkrum dögum eftir veiði (9%), eða þegar veiðiskýrslu er skilað (8%). Gott er hversu margir fylla út veiðidagbókina fljótlega eftir veiði.

**Svarendur**

Allir sem sögðust halda veiðidagbók.

### Útfylling veiðidagbókar



### ▶ 16a


**Nú kemur stutt dæmi um rjúpnaveiðiferð.** Þú ferð í veiðiferð með einum veiðifélaga, þið veiðið samtals 10 fugla og þar af skaust þú tvo en þið skiptuð veiðinni jafnt. Hafið þið samráð um skráningu á aflanum og þá hvernig skráðir þú aflann?

Af þeim sem tóku afstöðu hafa 82% veiðimanna með sér samráð um skráningu afla eða veiða alltaf einir, sem er þýðingamikil fyrir áreiðanleika veiðiskýrslna. Einungis 18% af þeim sem tóku afstöðu höfðu ekki sérstakt samráð við veiðifélagann um skráningu aflans. Af þeim virðast flestir skrá annað hvort það sem þeir veiddu eða það sem kom í þeirra hlut. Því þykir líklegt að skráning rjúpnaveiðinnar sé nokkuð rétt. Þessa spurningu fengu einungis þeir sem höfðu einhvern tímann veitt rjúpur.

**Svarendur**

Allir sem veiddu rjúpur.

#### Skráning veiðitalna - rjúpur



n=439

### ▶ 16b


**Nú kemur stutt dæmi um gæsaveiðiferð.** Þú ferð í veiðiferð með einum veiðifélaga, þið veiðið samtals 10 fugla og þar af skaust þú tvo en þið skiptuð veiðinni jafnt. Hafið þið samráð um skráningu á aflanum og þá hvernig skráðir þú aflann?

Einungis 15% hafa ekki sérstakt samráð við veiðifélagann um skráningu aflans í gæsaveiði. Þar af skrá 7% það sem í þeirra hlut kom og önnur 7% þá fugla sem þeir sjálfir skutu. Aðrir hafa annað hvort samráð, veiða einir, eða eru hættir veiðum.

**Svarendur**

Allir sem veiddu gæsir.

#### Skráning veiðitalna - gæsir



n=166




► **17**  
**Hversu nákvæmar telurðu veiðitölurnar þínar hafa verið í seinustu veiðiskýrslu?**

Um 74% telja veiðitölurnar sínar hafa verið 100% réttar. Gefur það til kynna að ágiskanir í veiðitölum þegar skýrsla er fyllt út, séu hverfandi. Alls eru 88% sem telja sig vera enga eða innan við 10% skekkju í veiðitölum. Um 3% telja skekkjuna meiri.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Nákvæmni eigin veiðitalna**




► **18**  
**Gefur þú upp réttar veiðitölur á hrafna?**

Mikill meirihluti veiðimanna segist yfirleitt ekki skjóta hrafna, eða 74%, en af þeim sem skjóta hrafna, segjast 90% alltaf eða oftast gefa upp réttar veiðitölur. Þeir sem viðurkenna að gefa aldrei upp réttar veiðitölur á hrafna eru 3%. Á súluritinu eru einungis sýndir þeir sem skjóta hrafna.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Hrafnar - réttar eða rangar veiðitölur**




► **19**  
**Eru þær tölur yfirleitt hærrí eða lægri en þær sem þú veiddir?**

Af þeim 15 veiðimönnum sem sögðust ekki gefa upp réttar veiðitölur í spurningu númer 18 voru 10 sem gáfu upp lægri tölur, eða 67%. Fjórir eða 22% gáfu upp ýmist hærrí eða lægri.

**Svarendur**

Allir sem sögðust oftast, stundum eða aldrei gefa upp réttar veiðitölur á hrafna.

**Hrafnar - gefa ekki upp réttar veiðitölur**



## ▶ 20


### Gefur þú upp réttar veiðitölur á grágæs, alltaf, oftast, stundum eða aldrei?

Um 32% veiðimanna segjast yfirleitt ekki skjóta grágæs, en af þeim sem skjóta grágæs segjast 93% alltaf eða oftast gefa upp réttar veiðitölur. Þeir sem viðurkenna að gefa aldrei upp réttar veiðitölur á grágæsir ná ekki einu prósentu. Á súluritinu eru einungis sýndir þeir sem einhvern tíman hafa skotið grágæs.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Grágæs - réttar eða rangar veiðitölur



## ▶ 21


### Eru þær tölur yfirleitt hærri eða lægri en það sem þú veiddir?

Af þeim sem á annað borð gefa upp rangar veiðitölur á grágæs, gefa 59% upp lægri tölur. 27% gefa upp ýmist hærri eða lægri og 9% gefa upp hærri.

#### Svarendur

Allir sem sögðust oftast, stundum eða aldrei gefa upp réttar veiðitölur á grágæs.

### Grágæs - gefa ekki upp réttar veiðitölur



## ▶ 22


### Gefur þú upp réttar veiðitölur á rjúpu, alltaf, oftast, stundum eða aldrei?

Um 25% veiðimanna segjast aldrei skjóta rjúpu. Af þeim sem hinsvegar skjóta rjúpu segjast 94% alltaf eða oftast gefa upp réttar veiðitölur. Þeir sem viðurkenna að gefa aldrei upp réttar veiðitölur á rjúpu ná ekki einu prósentu. (Einn veiðimaður).

#### Svarendur

Allir sem hafa skotið rjúpu.

### Rjúpa - réttar eða rangar veiðitölur



▶ **23**


**Eru þær tölur yfirleitt hærri eða lægri en það sem þú veiddir?**

Af þeim rjúpnaveiðimönnum sem gefa upp rangar veiðitölur, gefa 55% upp lægri tölur og 18% hærri. 27% gefa upp ýmist hærri eða lægri.

**Svarendur**

Allir sem sögðust oftast, stundum eða aldrei gefa upp réttar veiðitölur á rjúpu.

**Rjúpa - gefa ekki upp réttar veiðitölur**



▶ **24**


**Í ljósi þess að nafnleynd hvílir yfir veiðiskýrslum, myndir þú gefa það upp á veiðiskýrslunni ef þú myndir af einhverjum ástæðum skjóta friðaðan fugl eða spendýr, eða myndir þú ekki gera það?**

Einungis um helmingur veiðimanna segist myndu segja frá ólöglegri veiði þó nafnleynd hvíli á veiðiskýrslum.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Áhrif nafnleyndar á veiðiskýrslur**




► **25**  
**Hversu nákvæmar eða ónákvæmar telurðu heildarveiðitölur Veiðistjóra-embættisins vera?**

Um 72% veiðimanna telja veiðitölurnar í heild mjög eða frekar nákvæmar en um 14% telja þær mjög eða frekar ónákvæmar.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Nákvæmni veiðitalna**




► **26** **Ef rannsóknir sýna að takmarka þarf rjúpnaveiði til verndar stofninum hvaða takmörkunum myndir þú vilja beita? Þú mátt velja fleiri en einn kost og þeir eru:**

Flestir eða 41% veiðimanna vildu stytta veiðitímabilið. Ennfremur nefndu 36% að þeir vildu banna sölu til veitingastaða og verslana og 19% vildu banna almenna sölu. Litlu færri eða 33% veiðimanna nefndu svæðisbundna friðun. Hægt var að nefna fleiri en eitt atriði en einungis 17% veiðimanna nefna alfriðun í tiltekinn árafjölda. Þeir sem vildu friða rjúpuna um ókomna tíð ná ekki einu prósentu.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Ef rannsóknir sýna að takmarka þurfi rjúpnaveiði.**




## ▶ 27 Hvernig viltu stytta veiðitímabilið?

Flestir, eða 77% vilja taka framan af rjúpnaveiðitímabilinu af þeim sem vildu á annað borð stytta það ef þörf krefði. Um 39% nefndu að þeir vildu taka aftan af veiðitímabilinu. Athuga ber að hægt var að velja fleiri en einn möguleika.

### Svarendur

Allir sem sögðust vilja stytta veiðitímabilið.

## Hvernig vilja menn stytta veiðitímabilið - rjúpa.




## ▶ 28 Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veiddar endur til tegunda?

Um 57% þeirra sem veiða endur eru alltaf vissir um að greina tegundina rétt og 31% er sjaldan óviss. 12% eru stundum óvissir en engir sögðust oft óvissir.

### Svarendur

Allir sem skutu endur á seinasta veiðitímabili.

## Greining tegunda - endur




## ▶ 29 Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda máva til tegunda?

Um 56% veiðimanna voru alltaf vissir um greiningu veiddra máva, en 23% sjaldan óvissir. 18% voru stundum óvissir en 3% oft óvissir.

### Svarendur

Allir sem skutu máva á seinasta veiðitímabili.

## Greining tegunda - mávar



### ▶ 30


#### Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda svartfugla til tegunda?

Um 70% veiðimanna eru alltaf vissir þegar þeir greina veiddan svartfugl til tegunda. Um 20% er sjaldan óviss og 7% stundum.

##### Svarendur

Allir sem skutu svartfugl á seinasta veiðitímabili.

#### Greining tegunda - svartfugl



### ▶ 31


#### Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veidda skarfa til tegunda?

Um 68% veiðimanna eru alltaf vissir þegar þeir greina skarf til tegunda. Um 16% er sjaldan óviss og 11% er stundum óviss.

##### Svarendur

Allir sem skutu skarfa á seinasta veiðitímabili.

#### Greining tegunda - skarfar



### ▶ 28-31


#### Samantekt á greiningu tegunda.

Ekki er hægt að segja að ein tegund skeri sig úr hvað varðar greiningu máva, skarfa, anda og svartfugla. Munurinn virðist ekki vera marktækur en helst virðist að menn eigi erfiðast með að greina máva og endur.

##### Svarendur

Allir sem skutu einhverja af þessum fjórum tegundum.

#### Greining tegunda




### 32 Þarf að takmarka veiðar á grágæs?

Flestir eða 43% telja ekki þörf á að takmarka veiðar á grágæs. 31% telja þörf á takmörkunum og 26% segjast ekki vita hvort svo sé. Athuga ber að allir voru spurðir óháð því hvort þeir stunduðu gæsaveiðar eða ekki.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Þarf að takmarka veiðar á grágæs?




### 33 Ef rannsóknir sýna að takmarka þarf gæsaveiði til verndar stofninum - hvaða takmörkunum myndir þú vilja beita? Þú mátt velja fleiri en einn kost og þeir eru:

Flestir, eða 34% veiðimanna vildu banna sölu til veitingastaða og verslana ef takmarka þarf gæsaveiði samkvæmt rannsóknum. Um 20% nefndu að banna almennt sölu gæsa, en hafa ber í huga að hægt var að nefna fleiri en einn kost. Hugsast getur því að af þeim sem vildu banna almennt sölu gæsa háfi hluti ekki nefnt bann á sölu til veitingastaða og verslana og öfugt. Um 33% aðspurðra vildu stytta veiðitímabilið og 23% banna hálfsvirkar byssur og pumpur.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Ef rannsóknir sýna að takmarkanir þurfi á gæsaveiði



▶ 34


**Hverja af eftirfarandi aðferðum myndir þú helst vilja nota til þess að stytta veiðitímabilið?**

Flestir vilja taka framan af veiðitímabilinu ef þörf væri á að stytta veiðitímabilið.

**Svarendur**

Allir sem sögðust vilja stytta veiðitímabilið.

**Gæsir - hvernig vilja menn stytta veiðitímabilið?**





## Rjúpnaveiðar

### Spurningar tengdar rjúpunni

#### ▶ 35


#### Hefur þú einhvern tímann farið á rjúpnaveiðar?

Um 88% aðspurðra höfðu einhvern tímann farið á rjúpnaveiðar og samkvæmt veiðiskýrslum skjóta 60% veiðimanna einungis rjúpu og enga aðra veiðibrað. Rjúpan er því vinsælasta veiðibraðin.

##### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

#### Hafa farið á rjúpnaveiðar



#### ▶ 36


#### Ferðu á hverju ári eða sjaldnar á rjúpnaveiðar?

Hlutfall þeirra sem fara á hverju ári á rjúpnaveiðar var 49% sem var svipað og hlutfall þeirra sem fara sjaldnar en á hverju ári, eða 48%. Þessa spurningu fengu eingöngu þeir sem höfðu einhvern tímann haldið til rjúpnaveiða.

##### Svarendur

Allir sem höfðu einhvern tímann farið á rjúpnaveiðar.

#### Hversu oft farið er á rjúpnaveiðar



#### ▶ 37


#### Hversu marga veiðidaga fórstu til rjúpna á síðasta veiðitímabili?

Algengast er að þeir sem fóru til rjúpnaveiða á síðasta veiðitímabili hafi farið innan við fimm daga. Rúmlega helmingur, eða 55% fór þrjá daga eða minna til rjúpnaveiða.

##### Svarendur

Allir sem fóru til rjúpna á seinasta veiðitímabili.

#### Fjöldi rjúpnaveiðidaga á síðasta veiðitímabili




### ▶ 38 Í hvaða landshluta eða landshlutum fórstu til rjúpna á seinasta veiðitímabili?

Flestir aðspurðra héldu til rjúpna á Vesturlandi eða 33% sem skýrist líklega af nálægð við höfuðborgarsvæðið. Fæstir á Vestfjörðum eða 8%. Athuga ber að sumir svarendur héldu til veiða í fleiri en einn landshluta.

#### Svarendur

Allir sem fóru til rjúpnaveiða á veiðitímabilinu.

### Ásókn í rjúpnaveiði eftir landshlutum




### ▶ 39a Fórstu til rjúpna á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga?

Taflan sýnir hlutfall veiðimanna sem héldu til rjúpnaveiða á ákveðnum tímabilum. 263 veiðimenn gengu til rjúpna samtals 1194 daga.

#### Svarendur

Allir sem héldu til rjúpnaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Sóknardagahlutfall í rjúpu




### ▶ 39b Fórstu til rjúpna á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga?

Hver veiðimaður fór að meðaltali 2,9 daga til rjúpna í október. Nokkuð jöfn ásókn var í nóvember en meðaltalið var 1,1 dagur í desember af þeim sem fóru.

#### Svarendur

Allir sem héldu til rjúpnaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Sóknardagar í rjúpu - dagameðaltal




## 40 Hvað ræður mestu um það hversu oft þú ferð til rjúpna? Þú mátt velja tvo af eftirfarandi kostum?

Svarendum var gefinn kostur á að nefna tvö atriði sem réðu mestu um það hversu oft þeir færu á rjúpnaveiðar. Frítíminn var þar nefndur af 48% veiðimanna og veður nefndu 45%.

### Svarendur

Allir sem hafa einhvern tímann farið til rjúpna.

### Það sem ræður mestu um fjölda rjúpnaferða




## 41 Veðir þú rjúpur fyrir sjálfan þig, gefur þær eða selur?

Flestir, eða 46% veiða rjúpur eingöngu fyrir sig sjálfa. Um 32% veiða fyrir sig og gefa öðrum. Um 6% gefa eingöngu og veiða ekki fyrir sjálfa sig. Þeir sem selja rjúpur eru 5%. Spurningin getur vísað til lengri tíma en einungis síðasta veiðitímabils.

### Svarendur

Allir sem hafa einhvern tímann farið til rjúpna.

### Fyrir hvern er veitt - rjúpur



### ▶ 42a


#### Hversu margar rjúpur seldir þú á síðasta veiðitímabili?

Þeir sem sögðust hafa selt rjúpur á seinasta veiðitímabili voru 16 talsins. Flestir þeirra eða 40% seldu innan við 20 rjúpur. Ætla má að 27% af heildaraflanum sé seldur. Vikmörkin eru hinsvegar mjög víð.

#### Svarendur

Allir sem sögðust selja rjúpur.

### Fjöldi seldra rjúpna



### ▶ 42b


#### Hversu margar rjúpur gafstu á síðasta veiðitímabili?

Þeir sem sögðust gefa rjúpu voru 92 talsins. 49% þeirra gáfu á bilinu eina til tíu rjúpur. Ætla má að 27% af heildaraflanum sé gefinn.

#### Svarendur

Allir sem sögðust gefa rjúpur.

### Fjöldi gefinna rjúpna



### ▶ 43


#### Af hvaða tilefni eru rjúpurnar sem þú veiðir helst borðaðar?

Það kemur ekki á óvart að 75% veiðimanna segja að rjúpurnar sem þeir veiða séu hafðar í jölamatinn. Því til viðbótar nefndu 12% áramótin en 15% segjast borða þær hvenær sem er. Hægt var að nefna fleiri en eitt atriði.

#### Svarendur

Allir sem hafa farið til rjúpna.

### Neysla rjúpna



#### ► 44


### Hvernig byssu, haglabyssu eða riffila, notaðir þú á rjúpnaveiðum á síðasta tímabili?

Um 38% rjúpnaveiðimanna nota hálfsjálfvirkar haglabyssur á meðan litlu færri eða 34% nota tvíhleypur. Ennfremur nota 25% pumpu. Athuga ber að hægt var að velja fleiri en einn möguleika.

#### Svarendur

Allir sem fóru til rjúpna á seinasta veiðitímabili.

### Byssunotkun á rjúpnaveiðum



#### ► 45


### Með það í huga að þessi könnun er nafnlaus: Tekur þú alltaf, stundum, sjaldan eða aldrei tappann úr byssunni á rjúpnaveiðum?

Mikill meirihluti (74% svarenda) sögðust aldrei taka tappa úr. Um 20% sögðust gera það alltaf eða stundum.

#### Svarendur

Allir sem notuðu hálfsjálfvirka byssu eða pumpu á rjúpnaveiðum á seinasta veiðitímabili.

### Tappi tekinn úr byssu á rjúpnaveiðum



#### ► 46


### Notaðir þú veiðihund á rjúpnaveiðum á síðasta tímabili?

Einungis 9% þeirra sem fóru til rjúpna á síðasta veiðitímabili notuðu veiðihund. Þeir sem notuðu benda við veiðarnar reyndust veiða að meðaltali 3,69 rjúpur á dag, en hundlausir veiddu 3,43 á dag. Munurinn er því lítil. Hinsvegar fóru hundaeigendurnir oftast til rjúpna, eða 9,6 daga að meðaltali á meðan hundlausir fóru 4,4 daga.

#### Svarendur

Allir sem fóru til rjúpna á seinasta veiðitímabili.

### Notkun veiðihunda á rjúpnaveiðum



### ▶ 47


#### Hværrar tegundar er veiðihundurinn?

Alls notuðu 23 aðspurðra hunda á rjúpnaveiðum síðastliðið veiðitímabili. Sjö þeirra voru bendar eða 30%. Af spurningum 46 og 47 má sjá að einungis 3% rjúpnaveiðimanna nota standandi veiðihunda á rjúpnaveiðum.

##### Svarendur

Allir sem notuðu veiðihund á síðasta veiðitímabili.

#### Hundategund notuð á rjúpnaveiðum



### ▶ 48


#### Ferðu yfirleitt með áttavita til rjúpnaveiða?

Helmingur fór með áttavita, en 47% ekki. Hér þarf greinilega átak til að hvetja veiðimenn til að fara ekki áttavitalausir til rjúpnaveiða.

##### Svarendur

Allir sem hafa farið til rjúpnaveiða.

#### Notkun áttavita á rjúpnaveiðum



### ▶ 49


#### Fórstu alltaf, stundum, sjaldan eða aldrei með GPS tæki til rjúpnaveiða á síðasta tímabili?

Um 52% fóru alltaf með GPS staðsetningartæki til rjúpnaveiða og því til viðbótar fóru 10% stundum með GPS. Um 32% gerðu það hinsvegar aldrei. Helmingur þeirra fór með áttavita.

##### Svarendur

Allir sem sögðust kunna á GPS og höfðu farið minnst einn dag til rjúpna á seinasta veiðitímabili.

#### Nota GPS á rjúpnaveiðum



## Gæsaveiðar

### Spurningar tengdar gæsaveiði

#### ► 50


#### Fórstu til gæsaveiða á síðasta tímabili og þá hversu marga daga?

Um 79% þeirra sem á annað borð fóru á gæsaveiðar á síðasta veiðitímabili fóru 5 eða færri daga. Um 6% fóru hinsvegar 11 eða fleiri daga. Um 33% aðspurðra höfðu farið á gæsaveiðar á síðasta veiðitímabili. Súluiritið sýnir einungis þá sem fóru einn eða fleiri daga á gæsaveiðar.

##### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

#### Dagafjöldi á gæsaveiðum



#### ► 51a


#### Fórst þú til grágæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga?

Á súluiritinu er sýnt hlutfall veiðimanna sem héldu til veiða á ákveðnum tímabilum. Um 16% veiðimanna fóru til grágæsaveiða í ágúst og einungis 2% í nóvember.

##### Svarendur

Allir sem fóru til gæsaveiða á síðasta veiðitímabili.

#### Sóknardagar í grágæs - hlutfall




► **51b**  
**Fórst þú til grágæsa- eða heiðagæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga?**

Samantekt á spurningum 51 og 52 þar sem spurt var um sóknardaga. Athygli vekur að sóknin er nokkuð jöfn allt tímabilið þar til kemur fram í nóvember. Taflan sýnir meðaldagafjölda á hvern veiðimann.

**Svarendur**

Allir sem fóru til gæsaveiða á síðasta veiðitímabili.

**Sóknardagar í grágæs og heiðagæs**



n=264


► **52**  
**Fórst þú til heiðagæsaveiða á eftirtöldum tímabilum og þá hversu marga daga?**

Færri halda til heiðagæsaveiða en grágæsaveiða, en niðurstaðan er svipuð nema hvað veiðimenn virðast byrja fyrr á heiðagæsaveiðum. Taflan sýnir hlutfall veiðimanna sem fóru á heiðagæsaveiðar á ákveðnum tímabilum.

**Svarendur**

Allir sem fóru til gæsaveiða á síðasta veiðitímabili.

**Sóknardagar í heiðagæs - hlutfall**



n=59



### ► 53


#### Veiðir þú gæsir fyrir sjálfan þig, gefur þú þær, eða selur?

Stór meirihluti eða 63% gæsaveiðimanna veiða eingöngu fyrir sig sjálfa. Því til viðbótar eru 31% sem veiða fyrir sig og gefa eitthvað af gæs. Alls 3% selja gæs að einhverju marki. Hafa ber í huga að spurningin visar ekki eingöngu til síðasta veiðitímabils.

##### Svarendur

Allir sem veiddu einhverjar gæsir á síðasta veiðitímabili.

#### Ráðstöfun aflans



n=213

### ► 54a

#### Hversu margar gæsir seldir þú á síðasta veiðitímabili?


Einungis 5 veiðimenn seldu gæsir á síðasta veiðitímabili. Þar af seldu tveir tíu eða færri gæsir og þrír seldu ellefu eða fleiri.

Ætla má að 9% af heildaraflanum sé seldur. Vikmörkin eru hinsvegar mjög víð.

##### Svarendur

Allir sem sögðust selja gæsir.

#### Fjöldi gæsa sem er seldur



n=5

### ► 54b


#### Hversu margar gæsir gafst þú á síðasta veiðitímabili?

Alls 56 veiðimenn gáfu gæsir á síðasta veiðitímabili. Um 86% þeirra gáfu tíu eða færri gæsir en 14% gáfu ellefu eða fleiri. Ætla má að 17% af heildaraflanum sé gefinn. Vikmörkin eru hinsvegar heldur víð.

##### Svarendur

Allir sem sögðust gefa gæsir.

#### Fjöldi gæsa sem er gefinn



n=56

► **55**


**Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á grágæsaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?**

Flestir eða 78% fara alltaf eða oftast í morgunflug á grágæsaveiðum. Sem sýnir að morgunflug er algengasta veiðiaðferðin við grágæsaveiðar. Um 18% fara alltaf eða oftast í kvöldflug.

**Svarendur**

Allir sem veiddu grágæsir á síðasta veiðitímabili.

**Veiðiaðferðir á grágæsaveiðum**



n=157

► **56**


**Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á heiðagæsaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?**

Talsverður munur sést á aðferðum við grágæsa- og heiðagæsveiði. Um 41% veiðimanna fer alltaf eða oftast í kvöldflug á heiðagæsveiðum á móti 18% á grágæsveiðum. Um 50% veiða sínar heiðagæsir alltaf eða oftast í morgunflugi.

**Svarendur**

Allir sem veiddu heiðagæsir á síðasta veiðitímabili.

**Veiðiaðferðir á heiðagæsveiðum**



n=64

### 57


#### Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á blesgæsaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?

Um 80% blesgæsveiða fara alltaf eða oftast fram í morgunflugi sem er svipað hlutfall og í grágæsveiði.

##### Svarendur

Allir sem veiddu blesgæsir á síðasta veiðitímabili.

#### Veiðiaðferðir á blesgæsveiðum



n=20

### 58


#### Notaðir þú eftirfarandi veiðiaðferð á helsingjaveiðum, alltaf, oftast, stundum, sjaldan eða aldrei?

Einungis fjórir veiðimenn í úrtakinu veiddu helsingja á síðasta veiðitímabili.

##### Svarendur

Allir sem veiddu helsingja á seinasta veiðitímabili.

#### Veiðiaðferðir á helsingjaveiðum



n=4

► 59


### Hversu margar gervigæsir, ef einhverjar, notar þú yfirleitt við veiðar?

Um 20% nota engar gervigæsir á gæsaveiðum. Hugsast getur að þeir læðist að bráðinni eða noti riffil.

**Svarendur**

Allir sem héldu til gæsaveiða á síðasta veiðitímabili.

### Fjöldi gervigæsa



► 60


### Notar þú flautu á gæsaveiðum?

Um 67% veiðimanna nota flautu en 32% gera það ekki.

**Svarendur**

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Nota flautu



► 61


### Notar þú hljóðupptöku?

Einungis 2% veiðimanna nota hljóðupptöku á gæsaveiðum, enda er það ólöglegt.

**Svarendur**

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Nota hljóðupptöku



## 62


### Hversu viss eða óviss ertu þegar þú greinir veiddar gæsir til tegunda?

Um 93% veiðimanna eru alltaf vissir eða sjaldan óvissir þegar þeir greina gæsir til tegunda eftir veiði. (Sjá viðauka 1.)

#### Svarendur

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Greining til tegunda - gæsir



## 63


### Notaðir þú veiðihund á gæsaveiðum á síðasta veiðitímabili?

Um 12% þeirra sem fóru til gæsaveiða á síðasta veiðitímabili fóru með hund. Æskilegt er að sem flestir veiðimenn noti veiðihunda við gæsaveiðar til að finna og sækja bráð.

#### Svarendur

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Veidihundanotkun á gæsaveiðum



## 64


### Hvernig byssu, haglabyssu eða riffla, notaðir þú á gæsaveiðum á síðasta tímabili?

Flestir, eða 48% veiðimanna nota hálfsjálfvirka byssu á gæsaveiðum. Einungis 21% nota tvíhleypu. Athuga ber að hægt var að svara fleiri en einu atriði.

#### Svarendur

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Byssunotkun á gæsaveiðum



## ▶ 65


### Tekur þú alltaf, stundum, sjaldan eða aldrei tappann úr byssunni á gæsaveiðum?

Um 42% veiðimanna sem nota fjölskota byssur viðurkenna að taka tappann alltaf eða stundum úr byssunni.

#### Svarendur

Allir sem notuðu hálfsjálfvirka byssu eða pumpu á gæsaveiðum.

### Tappi tekinn úr byssu í gæsaveiði



## ▶ 66


### Hvert er lengsta færi sem þú skýtur á gæsir með haglabyssu í metrum?

Einungis um helmingur veiðimanna nefna innan við 40 metra færi sem hámark. Almenn er lengra færi en 40 metrar með haglabyssu talið vera of langt og því er hér þörf á kynningarátaki meðal veiðimanna.

#### Svarendur

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Lengsta skotfæri á gæsaveiðum með haglabyssu



## ▶ 67


### Ferðu í sérstakar veiðiferðir í heiðagæs?

Um 24% gæsaveiðimanna fara í sérstakar veiðiferðir í heiðagæs. Aðrir eða 76%, virðast veiða heiðagæs í bland við aðrar gæsategundir.

#### Svarendur

Allir sem héldu til gæsaveiða á seinasta veiðitímabili.

### Fara í sérstakar heiðagæsferðir




▶ **68**  
**Hefur þú hugsað þér að hefja veiðar á heiðagæs?**

Um 54% veiðimanna sem hafa fram til þessa ekki farið í sérstakar heiðagæsaferðir hafa hugsað sér að fara í slíkar ferðir.

**Svarendur**

Allir sem sögðust ekki fara í sérstakar heiðagæsaferðir.

**Hafa hugsað sér að hefja heiðagæsveiðar**




▶ **69**  
**Hvenær byrjaðir þú að veiða heiðagæs?**

Flestir, eða 46% hófu heiðagæsveiðar á síðustu fjórum árum. Þetta gæti bent til þess að veiðimenn hafi í auknum mæli snúið sér að heiðagæsveiðum til að hlífa grágæsinni.

**Svarendur**

Allir sem hafa farið sérstaklega á heiðagæsveiðar.

**Hvenær hófust heiðagæsveiðarnar?**



▶ **70**  
**Hægt er að krumpa skotgeyma/ magasín þannig að þeir taki bara 2 skot.**


Það kostar 2.000,- krónur og eyðileggur ekki byssuna. Ertu hlynntur eða andvígur því að skylda menn til að láta krumpa skotgeyma?

Afstaða veiðimanna til krumpunar skotgeyma skiptist nokkuð jafnt niður með og á móti krumpun.

**Svarendur**

Allir gæsveiðimenn.

**Krumpun skotgeyma**



## Alþjóðleg könnun

Spurningar sem einnig voru í könnun (En undersökning om djur, natur och jakt) á vegum Institutionen för skoglig zoologi i Umeå í Svíþjóð<sup>1</sup>

### ▶ 71


**Hversu gamall/gömul varstu þegar þú byrjaðir að veiða fugla eða spendýr?**

Athygli vekur að svipað hlutfall hóf veiðar á aldrinum 15-19 ára og 20-24 ára. Ennfremur er stór hluti sem hóf veiðar um og fyrir 14 ára aldurinn.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Á hvaða aldri var byrjað að veiða



### ▶ 72


**Ertu meðlimur í skotveiðifélagi eða skotípróttafélagi?**

Um 85% skotveiðimanna virðast ekki vera í skotfélögum. Af þeim sem fóru á veiðar síðustu 12 mánuði eru 19% í skotfélagi.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Meðlimur í skotfélagi



### ▶ 73


**Hvaða skotveiðifélagi eða skotípróttafélagi?**

Af þeim veiðimönnum sem eru meðlimir í skotfélagi, eru 48% í Skotvís og 14% í Skotfélagi Reykjavíkur svo eitthvað sé nefnt.

#### Svarendur

Allir sem sögðust vera í skotfélagi.

### Hvaða skotfélagi?






**74**
**Hver eða hvað vakti áhuga þinn á skotveiðum?**

Einhver fjölskyldumeðlimur virðist hafa vakið áhuga á skotveiðum hjá 50% veiðimanna. Vinir eru enn fremur stór áhrifaþáttur og eru ábyrgir fyrir 24% áhugans. Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika.

**Svarendur**


Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Það sem vakti áhuga á skotveiðum**

**75**
**Hefur þú farið á veiðar síðastliðna 12 mánuði?**

Um 60% aðspurðra höfðu farið til veiða síðustu 12 mánuði. Þetta er í samræmi við fjölda þeirra sem endurnýja veiðikort árlega.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Farið á veiðar síðastliðna 12 mánuði**


▶ 76


**Er eða var faðir þinn skotveiðimaður?**

Um 51% veiðimanna eiga eða áttu föður sem einnig var skotveiðimaður.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Faðir skotveiðimaður**



▶ 77


**Hversu þungur að meðaltali er íslenski refurinn í kílóum talið?**

Veiðimenn telja refinn vera 7,4 kg að meðaltali og telja því 65% veiðimanna íslenska refinn vera þyngri en hann er. Tófan vegur 2,5 – 4,5 kg eftir kyni og árstíma.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Hversu þungur er íslenski refurinn?**



▶ 78


**Hversu margar kindur og lömb telurðu að séu drepnar árlega af völdum refa?**

Meðaltalið er 199 kindur eða lömb sem er áhugavert þar sem sveitafélög áætla tjón af völdum refa vera um 200 kindur eða lömb á ári.

**Svarendur**

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

**Hversu margar kindur eða lömb drepur íslenski refurinn?**



## Almennar spurningar

▶ 79


### Hvaða menntun hefur þú?

Menntun veiðimanna sem tóku þátt í könnuninni.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Menntun



▶ 80


### Í hvaða pósthúsi varstu búsettur á síðasta veiðitímabili?

Búseta veiðimanna sem tóku þátt í könnuninni.

#### Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

### Heimili eftir pósthúsum á síðasta veiðitímabili




► 81

Nú spyrjum við um heildartekjur allra á heimilinu, fyrir skatta, eru þær:

Svarendur

Allir sem tóku þátt í könnuninni.

Tekjur skotveiðimanna



Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður Veiðistjórnunarviðs  
 Arnór Sigfússon, fuglafræðingur  
 Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri  
 Einar Guðmann, verkefnisstjóri

## Viðauki 1.

Grein sem birt var í *Veiðidagbók veiðistjórnunarsviðs 2003* <sup>2</sup>

### Hve áreiðanlegar eru veiðiskýrslur?

Arnór Þórir Sigfússon, Áki Ármann Jónsson, Bjarni Pálsson og Einar Guðmann



#### Inngangur

Veturinn 2001-2002 var gerð könnun meðal veiðikorthafa til að fá vitneskju um hegðun og viðhorf veiðimanna. Þessar upplýsingar gagnast við túlkun á veiðitölum og stjórnun veiða. Kannað var ýmislegt viðkomandi veiðum s.s. veiðiaðferðir, hvernig veiðimenn standa að skráningu á veiði, val á vopnum, hvernig veiðiálag dreifist á veiðitíma og fleira.

Hér verður aðeins fjallað um áreiðanleika veiðitalna og þó fyrst og fremst veiðitalna um gæsir.


#### Aðferðir

Þúsund manna slembiúrtak var tekið úr hópi allra veiðikorthafa frá upphafi, en þeir eru 17.989. Þátttakendum var sent bréf til útskýringar og boðið að bóka tíma til svara og því gátu menn undirbúið sig með því að rifja upp veiði síðasta veiðiárs. Hringt var í þátttakendur á fyrirfram ákveðnum tíma ef menn höfðu bókað, annars var reynt að ná í þá síðdegis og að kvöldi. Ritari Veiðistjóra hringdi í þátttakendur og síðan voru þeir sendir á spyril og honum aðeins sagt kyn og aldur veiðimanns.



1. mynd. Aldursdreifing veiðimanna í úrtaki könnunarinnar (efri) og allra veiðikorthafa (neðri).

Þannig vissu spyrnlarnir ekki við hvern þeir ræddu og svörin því ekki tengd nafni. Þetta nafnleysi var mikilvægt meðal annars vegna þess að spurt var um atriði þar sem hugsanlegt var að veiðimennirnir játuðu á sig brot á veiðilöggjöfinni svo sem fjölda skota í fjölskota byssum o.fl. en í skjóli nafnleysis gátu þeir verið hreinskilnir.



2. mynd. Samanburður á dreifingu gæsaaflla samkvæmt veiðiskýrslum og samkvæmt könnun. Ásinn hægra megin á við könnunina en sá vinstra megin veiðiskýrslur.


Af þeim 1.000 sem völdust í úrtakið náðist í 702 og af þeim svöruðu 642 eða um 92%. Aldursdreifing úrtaksins samsvaraði vel aldursdreifingu allra veiðikorthafa (1. mynd). Einnig ef skoðuð er dreifing á gæsaaflla frá árinu 2001 og borin saman við það sem þeir veiðimenn sem lentu í úrtakinu veiddu sést að samsvörun þar á milli er góð og því líkur á að úrtakið endurspegli vel heildina (2. mynd).

## Niðurstöður


Áreiðanleiki veiðitalna ræðst af ýmsu. Í fyrsta lagi skiptir máli hvernig staðið er að skráningu. Nota veiðimenn dagbækur, t.d. veiðidagbók veiðistjóra, þar sem þeir skrá aflann jafnóðum, eða fylla þeir út veiðiskýrslur eftir minni um áramót? Einnig skiptir máli hvernig staðið er að skráningu á fuglum sem menn veiða saman eins og gjarnan er með gæsir, samræma veiðimenn skráninguna fyrirfram eða er hættá á að hluti aflans sé margskráður? Í öðru lagi skiptir drengskapur veiðimanna máli, segja þeir satt til um veiði, eða eru þeir af ásettu ráði að draga úr eða ýkja veiði sína í veiðiskýrslum. Í þriðja lagi er hættá á því að sumar tegundir séu rangt greindar.

Til að svara því hvernig staðið er að skráningu á afla var spurt hvort veiðimennirnir héldu veiðidagbók. Aðeins um 40% veiðimanna notar dagbækur til að skrá veiði þannig að hér er nokkur hættá á að veiðitölur skekkist þar sem hinir fylla út veiðiskýrslur eftir minni. Veiðidagbók veiðistjóra er fyrirferðarlítill og með ýmsum handhægum upplýsingum og því ástæða til að hvetja veiðimenn til að taka hana með til að skrá í veiði. Könnunin sýndi að af þeim sem halda dagbók nota um 60% veiðidagbók veiðistjóra. Af þeim sem halda dagbók sögðust um 80% skrá aflann samdægurs en um 20% seinna.

Gæsaveiðar eru gjarnan stundaðar af nokkrum mönnum saman í hóp. Því er mikilvægt að vita hvernig staðið er að skráningu á afla hópsins. Tökum sem dæmi að tveir veiðimenn veiða 10 gæsir í morgunflugi og skipta aflanum jafnt á milli sín. Hvernig skrá þeir aflann úr þessari veiðiferð á sína skýrslu? Skráir hvor þeirra 5 gæsir, skráir hvor það sem hann taldi sig hafa skotið, skrá báðir 10 gæsir á sína skýrslu eða skráir bara annar allar gæsirnar á sig? Einnig, hafa þeir samráð um hvernig staðið er að skráningunni? Til að komast að þessu var lesin upp ofangreind dæmisaga og menn spurðir hvort samráð væri um skráningu og hvernig að henni væri staðið. Í ljós kom að um 85% veiðimanna segjast hafa samráð um skráningu eða alltaf veiða einir en um 15% hafa ekkert samráð. Álíka margir skrá það sem kemur í þeirra hlut og skrá það sem þeir töldu sig skjóta (3. mynd). Því bendir allt til að ekki sé mikil hættá á að afli sé tvískráður.




3. mynd. Hvernig var staðið að skráningu á veiði hóps? Koma veiðimenn sér saman um skráningu og hvernig skrá þeir aflann? Sýnd eru 95% öryggismörk hlutfallsins.




4. Mynd. Gefur þú alltaf, oftast stundum eða aldrei upp réttar veiðitölur?

Hversu heiðarlegir eru veiðimenn? Þegar spurt var hvort þeir teldu sig skila inn réttum veiðitölum sögðust um 90% alltaf gefa upp réttar tölur (4. mynd). Þau 10% sem ekki sögðust alltaf gefa upp réttar veiðitölur voru þá spurðir hvort þeir gæfu upp of háar eða of lágur veiðitölur og reyndust þá flestir gefa upp of lágur eða annað hvort of lágur eða háar (5. mynd). Þetta bendir til að veiðimenn séu almennt heiðarlegir við uppgjör á veiðiskýrslum sínum. Þeir sem ekki gefa alltaf upp réttar veiðitölur hafa frekar tilhneigingu til að draga úr afla en að ofskrá. Aðspurðir hve nákvæmar þeir teldu veiðiskýrslur sínar vera þá sögðust um 90% veiðimanna þær vera 95-100% nákvæmar (6. mynd), en þegar þeir vor spurðir um hve nákvæmar þeir teldu veiðitölur Veiðistjóra vera þá voru einungis um 10% sem töldu þær mjög nákvæmar. Það bendir til að þeir treysti ekki öðrum veiðimönnum til að vera jafn nákvæmir og þeir sjálfir eru.




5. Mynd. Ef þú gefur ekki alltaf upp réttar veiðitölur, eru þær of háar, of lágar, annað hvort eða veit ekki?



6. mynd. Hve nákvæmar telur þú veiðitölur þínar vera?

Veiðimenn sem sögðust hafa veitt gæsir voru spurðir hve öruggir þeir væru í að greina aflann til tegunda. Yfir 90% sögðust alltaf vera vissir um greiningu á gæsum eða sjaldan vera í vafa (7. mynd). Reynsla af veiðimönnum er að það er helst vandi fyrir þá að greina ungar blesgæsir frá ungum heiðagæsum. Almenn virðist því röng tegundagreining ekki vera mikið vandamál í gæsaveiði. Líklegt er að fleiri séu í vafa við að greina í sundur tegundir eins og endur og máfa, sérstaklega unga máfa.





7. Mynd. Hve öruggur ertu í greiningu á gæsaafli?

Samandregið er niðurstaðan að verulegar líkur eru á að uppgefnar veiðitölur séu nokkuð réttar. Helsta óvissan skapast er veiðimenn skrá afla eftir minni frekar en að nota veiðidagbækur. Erfitt er að segja hvort slíkt leiði til of- eða vanskráningar. Ástæða er til að hvetja veiðimenn til að nota veiðidagbækur, slíkt hefur almennt upplýsingagildi og eykur ánægju manna af veiðum. Könnunin bendir ekki til þess að afli sé ofskráður þegar menn veiða saman í hóp. Það er ánægjulegt að sjá hve margir veiðimenn hafa samráð um skráningu og þó slíkt samráð sé ekki fyrir hendi þá virðast þeir samt bara skrá sinn hlut. Einnig var ánægjulegt að sjá hve nákvæmar veiðimenn telja veiðitölur sínar vera. Könnun þessi náði eingöngu til veiðikorthafa en einhver brögð eru af því að menn veiði án veiðikorts. Sú veiði er ekki skráð og erfitt að geta sér til um umfang hennar. Hafa ber í huga að veiðitölur veiðistjóra verða aldrei hundraðprósent nákvæmar en þær sýna okkur stærðargráðu veiðinnar og enn fremur má reikna með að þessar veiðitölur séu jafn réttar eða rangar milli ára. Þannig nýtast þær okkur til að segja til um breytingar í afla sem gætu bent til stofnbreytinga ef sókn er stöðug. Eini mælikvarðinn sem við höfum haft á sókn er hve margir ná fuglum en 2002 var einnig beðið um fjölda veiðidaga. Þetta eru mikilvægar upplýsingar sem við hvetjum veiðimenn til að skrá samviskusamlega líkt og þeir skrá afla.

## Heimildir

1. Göran Ericsson 2000. *En undersökning om djur, natur och jakt*. Könnun gerð við sænska Landbúnaðarháskólann.
2. Arnór Þórir Sigfússon, Áki Ármann Jónsson, Bjarni Pálsson, Einar Guðmann 2002. *Hve áreiðanlegar eru veiðiskýrslur*. Veiðidagbók Veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar 2003. 8. árg. 11-18.